

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 35/2009**

**frá 17. mars 2009**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2009 frá 5. febrúar 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 875/2008 frá 8. september 2008 um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1962/2006 <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 875/2008 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1962/2006 <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli málsgreinar um bráðabirgðaráðstafanir vegna Búlgaríu í lið 64a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92) og lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002).
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 64a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92):  
„64aa. **32008 R 0875**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 875/2008 frá 8. september 2008 um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1962/2006 (Stjtið. ESB L 240, 9.9.2008, bls. 3).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 875/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 52, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 240, 9.9.2008, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 408, 30.12.2006, bls. 8.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.